

## **Reglur Hafréttarstofnunar Íslands um styrkveitingar.**

### 1. gr.

#### *Styrkir til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti.*

Hafréttarstofnun veitir að jafnaði nokkra styrki árlega til þátttöku í þriggja vikna sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið er á Ródos, Grikklandi, í júlí ár hvert. Hver styrkur felst í greiðslu þátttökugjalds og endurgreiðslu flugfargjalds og gistikostnaðar (hálf tæði innifalið). Styrkirnir eru auglýstir í upphafi viðkomandi árs.

Við ákvörðun um styrkveitingar er einkum litið til reynslu af störfum á sviðum tengdum hafrétti og menntunar í hafrétti og skyldum greinum.

### 2. gr.

#### *Styrkir til einstaklinga frá þróunarríkjum í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti.*

Hafréttarstofnun veitir að jafnaði nokkra styrki árlega sérstaklega til einstaklinga frá þróunarríkjum til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti. Eftir atvikum getur verið um fulla styrki eða hlutastyrki að ræða.

Styrkþegar eru valdir úr hópi þeirra sem valnefnd Ródos-akademíunnar hefur veitt aðgang að námskeiði hennar.

### 3. gr.

#### *Styrkir til framhaldsnáms í hafrétti.*

Hafréttarstofnun auglýsir að jafnaði í upphafi hvers árs styrki til framhaldsnáms í hafrétti. Um meistaranám eða doktorsnám getur verið að ræða. Það er skilyrði fyrir styrkveitingu að verulegur hluti náms sé á sviði hafréttar. Fjárhæð styrks ræðst m.a. af fyrirhuguðu námi, kostnaði vegna þess og fjárförf viðkomandi.

Við ákvörðun um styrkveitingar er einkum litið til árangurs umsækjenda í fyrra námi, fyrirhugaðs náms og eftir atvikum reynslu umsækjenda af störfum á sviðum tengdum hafrétti.

### 4. gr.

#### *Styrkir til fræðiskrifa og útgáfu rita á sviði hafréttar.*

Hafréttarstofnun getur veitt styrki til fræðiskrifa og útgáfu rita á sviði hafréttar.

Við ákvörðun um styrkveitingar er einkum litið til fræðilegs gildis viðkomandi greina og rita og hvort um framlag er að ræða til nýrrar þekkingar á efni sem lýtur að hafrétti.

5. gr.

*Aðrir styrkir.*

Hafréttarstofnun veitir eftir efni og aðstæðum aðra styrki sem samræmast því markmiði stofnunarinnar að treysta þekkingu á reglum hafréttar.

6. gr.

*Styrkir samkvæmt sérstökum fjárframlögum.*

Hljóti Hafréttarstofnun sérstakt fjárframlag til veitingar tiltekinna styrkja er stofnunin bundin af þeim skilyrðum sem slíku framlagi kunna að fylgja, t.d. um að veita styrki einungis til einstaklinga frá þróunarríkjum eða tilteknum hópi þróunarríkja.

7. gr.

*Ákvörðun um styrkveitingar.*

Stjórn Hafréttarstofnunar tekur ákvörðun um allar styrkveitingar að fengnum tillögum forstöðumanns stofnunarinnar.